

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

5. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árið 2021 er heimilt að veiða rjúpu frá og með 1. nóvember til og með 30. nóvember, frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili. Ekki er heimilt að hefja leit eða veiði fyrir en kl. 12.00 þá daga sem heimilt er að veiða.

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 29. október 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*